

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1903****2019/EES/31/16****frá 5. desember 2018**

**um leiðréttingu á IV., VI. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess og um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af II., IV., V. og VI. viðauka við þá reglugerð (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eftir samþykkt reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2279 <sup>(2)</sup> fannst villa í 2. lið viðaukans við þá reglugerð, sem kemur í stað A-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009, að því er varðar uppgæfið innihald ösku sem er óleysanleg í saltsýru. Af þessum sökum voru engin leyfileg hámarksgildi fastsett fyrir innihald ösku sem er óleysanleg í 5% saltsýru.
- 2) Úrfelling fannst í 3. og 4. lið í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2017/2279 sem koma í staðinn fyrir 7. lið I. kafla VI. viðauka og 8. lið I. kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009. Þetta leiddi til tvíræðni að því er varðar gildissvið ákvæða um valfrjálsa merkingu skynrænna fóduraukefna eða fóduraukefna með næringarfræðilega eiginleika.
- 3) Því ætti að leiðrétta reglugerð (EB) nr. 767/2009 til samræmis við það.
- 4) Í króatískri, tékkneskri, enskri, eistneskri, þýskri, grískri, ungverskri, ítalskri, lettneskri, litáískri, maltneskri, pólskri, rúmenskri, slóvakískri, slóvenskri, spænskri og sænskri útgáfu reglugerðar (ESB) 2017/2279 er villa þar sem í þeirri reglugerð kemur hugtakið „óhreinsoð feiti“ í stað hugtaksins „jarðolía og fita“ í IV., VI og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 en fyrir mistök er það ekki einnig gert í II. og V. viðauka við þá reglugerð.
- 5) Í þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 2017/2279 eru nokkrar villur. Villa er í 2. lið viðaukans við þá reglugerð sem kemur í staðinn fyrir A-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 að því er varðar prósentugildi rakainnihalds. Í 3. lið viðaukans við reglugerð (ESB) 2017/2279, sem kemur í staðinn fyrir VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 eru villur að því er varðar skammstafað heiti bragðefna og marktægundir fyrir lögboðnar kröfur varðandi merkingar fyrir lýsín og meþíónín.
- 6) Því ætti að leiðrétta króatíska, tékkneska, enska, eistneska, þýska, gríska, ungverska, ítalska, lettneska, litáíska, maltneska, pólska, rúmenska, slóvakíska, slóvenska, spænska og sænska útgáfu reglugerðar (EB) nr. 767/2009 til samræmis við það. Þessar leiðréttingar hafa ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á leiðréttingunum á viðaukunum af öryggisástæðum er rétt að kveða á um umbreytingarráðstafanir til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig í því skyni að forðast óþarfa röskun á viðskiptaháttum og til að skapa ekki óþarfa stjórnsýsluálag á rekstraraðilana.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fódur.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 310, 6.12.2018, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2279 frá 11. desember 2017 um breytingu á II., IV., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess (Stjttíð. ESB L 328, 12.12.2017, bls. 3).

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 767/2009 er leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað „1– < 5“ í öðrum dálki töflunnar í línunni „aska, óleysanleg í saltsýru“ í 2. lið A-hluta IV. viðauka komi „1–5“.
- 2) Í stað 7. liðar I. kafla í VI. viðauka komi eftirfarandi:

„7. Með fyrirvara um 6. lið skal tilgreina viðbætt magn þegar skynrænt fóðuraufefni eða fóðuraufefni með næringarfræðilega eiginleika er merkt valfrjálst í samræmi við 1. lið eða, ef um er að ræða fóðuraufefni í virka hópnum vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun, skal tilgreina það heildarmagn sem ábyrgst er allan geymsluþolstímann í samræmi við 2. lið“.
- 3) Í stað 8. liðar I. kafla í VII. viðauka komi eftirfarandi:

„8. Með fyrirvara um 7. lið skal tilgreina viðbætt magn þegar skynrænt fóðuraufefni eða fóðuraufefni með næringarfræðilega eiginleika er merkt valfrjálst í samræmi við 1. lið eða, ef um er að ræða fóðuraufefni í virka hópnum vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun, skal tilgreina það heildarmagn sem ábyrgst er allan geymsluþolstímann í samræmi við 2. lið“.
- 4) Í stað hugtaksins „jarðolía og fita“ í 5. lið II. viðauka og í þriðja dálki í línunum 3, 5, 12, 15, 16 og 18 í töflunni í V. viðauka komi hugtakið „óhreinsuð feiti“.
- 5) (*Á ekki við um ensku útgáfuna*).

## 2. gr.

1. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem eru merkt fyrir 26. desember 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. desember 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem eru merkt fyrir 26. desember 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. desember 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*